



Reykjavík, 21. júlí 2026
USK26040240 (HS)

Vesturhlíð 8 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um aðstöðuhús / skemmu í Fossvogskirkjugarði

Lögð fram fyrirspurn Landmótunar sf., dags. 20. apríl 2026, um uppbyggingu aðstöðuhúss/skemmu vestan við núverandi byggingu á lóð nr. 8 við Vesturhlíð, Fossvogskirkjugarðs, samkvæmt fyrirspurnarupph. Landmótunar, dags. 20. apríl 2026.



Loftmynd og kort af þeim hluta lóðarinnar þar sem óskað er eftir aðstöðuhúsi. Örin bendir á staðinn sem óskað er eftir að húsið rísi.



Séð á það svæði lóðarinnar þar sem óskað er eftir aðstöðuhúsi.

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. AR2040 er lóðin umrætt svæði í borgarhluta 3 og er hluti af svæðinu K2 Fossvogskirkjugarður – Kirkjugarður og grafreitir. Um það stendur í AR2040:

Fossvogskirkjugarður. Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Í skjalinu B2. Græna borgin stendur um svæðið

K2.Fossvogskirkjugarður: Kirkjugarðurinn í Fossvogi er áberandi í borgarmyndinni. Það sem einkennir svæðið er fjölbreyttur trjágróður og fuglalíf. Megin stefna fyrir skipulag svæðisins er að bæta aðgengi að garðinum.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Fossvogskirkjugarð

Þegar fjallað er um byggingarleyfi á lóð á svæði þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag skal taka mið af stefnu aðalskipulags um þéttleika, byggingarmagn og yfirbragð byggðar á svæðinu, auk þess sem áhrif viðkomandi byggingar á götummynd, útsýni, skuggavarp, þjónustustofnanir, bílastæðapörf og umferðarsköpun eru metin. Ef ekki liggja fyrir skilmálar um svæðið í aðalskipulaginu skal taka tillit til hæðar nærliggjandi húsa við sömu götu og / eða nýtingarhlutfalls á viðkomandi götureit, auk þess sem áhrif á fyrrgreinda þætti skulu metin. Í tilvikum sem þessum skal fara fram grenndarkynning og þess skal ávallt gætt að framkvæmdin leiði aðeins til óverulegra breytinga á byggðamynstri hverfisins. Jafnframt þessu skal ávallt meta heildaráhrif uppbyggingar á aðliggjandi byggð og umhverfi og áhrif umferðarsköpunar á samgöngukerfi.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa um uppbyggingu á skemmu eða aðstöðuhúsi, að stærð 150 m², við hliðina á húsi Fossvogskirkjugarðs. Gert er ráð fyrir stöðluðu stálgrindahúsi.



Reykjavík



Fyrirhuguð staðsetning á skemmu.



Tillaga að skemmu á lóðinni.

Í lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, 6.gr., stendur eftirfarandi:

- Kirkjugarðar og grafreitir eru friðhelgir, sbr. og almenn hegningarlög.
- Eigi má reisa mannvirki, starfrækja stofnanir eða reka fyrirtæki, sem frá stafar hávaði eða ys, í nánd við kirkjugarða. Skal þessa gætt við skipulagningu skipulagsskyldra staða.

Í 20. grein laganna stendur:

- Kirkjugarðsstjórn er heimilt að láta reisa kapellu og líkhús í eða við kirkjugarð á kostnað hans og koma þar upp húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðsins. Uppdrættir og staðsetning skulu samþykkt af [kirkjugarðaráði] og skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins. Gerð kapellu og líkhúss skal háð samþykki byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, 4.gr. Byggingararfur, stendur eftirfarandi:

- Til byggingararfs samkvæmt lögum þessum teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem:
 - b) kirkjur og bænhús, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,

Þar sem ekki er til deiliskipulag fyrir Fossvogskirkjugarð þarf að meta tillöguna á grundvelli þess sem kemur fram hér að framan og ef hún uppfyllir þau skilyrði er hægt að senda inn byggingarleyfisumsókn sem yrði grenndarkynnt á kostnað lóðarhafa. Jafnframt þarf að skoða málið út frá fyrrgreindum lögum og reglugerðum þeim tengdum.



Séð yfir svæðið þar sem óskað er eftir að gera staðlað stálgrindahús sem aðstöðuhús, og aðliggjandi hús.

Fossvogskirkja var teiknuð af Sigurði Guðmundssyni arkitekt og vígð þann 31. júlí árið 1948. Vesturhlíð 8 var byggð árið 1960 eftir teikningum Halldórs H. Jónssonar arkitekts. Byggingar á lóðunum eru metnaðarfullur arkitektúr, verðugir fulltrúar síns tíma og góð höfundarverk. Fossvogskirkjugarður var vígður árið 1932.

Í lagagreinunum sem vísað er til, kemur fram að kirkjugarðar eru friðhelgir og þau mannvirki sem talað er um í kirkjugarði, skilgreind sem byggingararfur. Bent er á að ferlið við breytingar á kirkjugörðum og tilheyrandi byggingum þarf samþykki Kirkjugarðsráðs og jákvæða umsögn Minjastofnunar Íslands.



Tillaga að skemmu á lóðinni



Húsið sem skemman á að standa upp við.

Sú tillaga sem lögð er fram í fyrirspurninni er mjög framandi í því fagaða og fínlega umhverfi sem er á svæðinu, og á frekar heima á iðnaðarsvæði, athafnasvæði, eða landbúnaðarsvæði, en inni í borg á því svæði sem um er rætt. Ekkert samspil eða samhengi er milli byggingar í tillögu við núverandi byggingar á lóðinni. Eins og áður segir þurfa breytingar að falla að yfirbragði byggðar í nágrenninu og því er mikilvægt að skoða söguleg einkenni bygginga í nágrenninu og byggðarmynstur, t.a.m. mælikvarða húsa og byggingarluta, efnisval og form bygginga og þaka. Í erindinu virðist ekki horft til þess umhverfis sem óskað er eftir að skemman rísi í.

Ekki er hægt að fallast á innsenda tillögu að skemmu á þeim stað sem óskað er eftir. Nýbyggingin er framandi og fellur ekki að því umhverfi og þeim byggingum sem eru á lóðinni. Aftur á móti er hægt að skoða aðra möguleika í stöðunni:

- a) **Endurskoðun á hönnun, útliti og umfangi nýbyggingar.** Unnin verði tillaga að byggingu sem þjóni hlutverki aðstöðuhúss eða skemmu á þeim stað sem spurt er um í erindinu, en jafnframt falli vel að umhverfi sínu og þeirri byggð sem er á lóðinni. Þegar ásættanlegar teikningar liggja fyrir er hægt að leggja inn byggingarleyfisumsókn sem yrði grenndarkynnt á kostnað umsækjanda.
- b) **Endurskoðun á staðsetningu nýbyggingar.** Umsækjendur skoði aðra staðsetningu í jaðri kirkjugarðsins eða nálægt honum sem ekki jafn mikil sjónræn áhrif og umbeðin staðsetning hefur. Þegar viðeigandi staðsetning finnst er hægt að leggja inn byggingarleyfisumsókn sem yrði grenndarkynnt á kostnað umsækjanda.

Niðurstaða

- Sú tillaga að skemmu fellur ekki að aðliggjandi byggð og yrði mjög framandi í þessu umhverfi. Ekki er fallist á uppbyggingu á stöðluðu stálgrindahúsi á umbeðnum stað.
- Ekki er gerð athugasemd við aðra möguleika, sbr. umsögn. Áhersla er lögð á að nýbygging falli vel að umhverfi sínu.
 - a) Endurskoða hönnun, útlit og umfang nýbyggingar á umbeðnum stað með skilyrðum.
 - b) Endurskoða staðsetningu stálgrindahússins, þar sem það hefði minni grenndaráhrif.
- Ef að ásættanleg tillaga berst, ásamt jákvæðum umsögnum Kirkjugarðaráðs og Minjastofnunar Íslands, er hægt að skoða hvort grenndarkynna þurfi byggingarleyfisumsókn eða gera nýtt deiliskipulag á kostnað umsækjanda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrafnhildur Sverrisdóttir
arkitekt og verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.